

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Ólafi Ísleifssyni um rafrænar þinglýsingar.

1. *Hverjir teljast vera helstu hagsmunaaðilar í skilningi 12. gr. reglugerðar um rafrænar þinglýsingar, nr. 360/2019?*

Í 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar er fjallað um framkvæmdina við leiðréttingu skráðra kröfuhafa sem taldir eru upp í 2. másl. bráðabirgðaákvæðis II í þinglýsingalögum, þ.e. ríkissjóðs, opinberra stofnana, banka, sparisjóða, lífeyrissjóða, tryggingafélaga og verðbréfasjóða. Þeir sem teljast vera hagsmunaaðilar við ákvörðun um tæknilega framkvæmd leiðréttingar á skráðum kröfuhöfum sem teljast til framangreindra aðila eru Samtök fjármálafyrirtækja og Landssamtök lífeyrissjóða.

2. *Við hvaða hagsmunaaðila hefur verið haft samráð skv. 12. gr. reglugerðar nr. 360/2019, við hverja stendur til að hafa samráð, hverja ekki og hvers vegna?*

Með vísan til svars við 1. tölul. fyrirspurnarinnar hefur verið haft samráð við Samtök fjármálafyrirtækja og Landssamtök lífeyrissjóða og er því samráði lokið.

3. *Hvernig hyggst ráðherra gæta jafnræðis milli ólíkra hagsmunaaðila við samráð skv. 12. gr. reglugerðar nr. 360/2019?*

Framangreint samráð tók til ákvarðanatöku um tæknilega framkvæmd leiðréttingar skráningar á fyrir fram ákveðnum hópi kröfuhafa sem eru lögaðilar undir sérstöku opinberu eftirliti. Öðrum kröfuhöfum en þeim sem sérstaklega er tilgreindir í 2. másl. bráðabirgðaákvæðis II í þinglýsingalögum, hvort sem það eru einstaklingar eða lögaðilar, ber að framvísa frumriti veðbréfsins hjá þeim sýslumanni þar sem réttindunum er þinglýst á sama hátt og verið hefur. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um fyrirkomulag samráðs við slíka kröfuhafa, komi til breytinga á framkvæmd leiðréttingar á skráningu hvað þá varðar.

4. *Hvernig hyggst ráðherra tryggja aðkomu fulltrúa einstaklinga, sem eru aðilar að veðsamningum, að samráði skv. 12. gr. reglugerðar nr. 360/2019?*

Leiðrétting skráðra kröfuhafa skv. 12. gr. reglugerðarinnar og bráðabirgðaákvæði II í þinglýsingalögum er framkvæmd í þeim tilgangi að staðfesta kröfueiganda veðbréfa, enda var ekki skylt að þinglýsa kröfuhafaskiptum fyrir gildistöku laga nr. 151/2018. Eins og fram hefur komið í svari við 3. tölul. fyrirspurnarinnar hefur ekki verið tekin ákvörðun um breytingu á framkvæmd skráningar kröfuhafa þegar kröfuhafi er einstaklingur eða lögaðili sem fellur utan þess að teljast til þeirra sem upp eru taldir í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar. Þá er rétt að benda á að bæði drög að reglugerðinni um rafrænar þinglýsingar og frumvarpið er varð að lögum nr. 151/2018, um breytingu á þinglýsingalögum, lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu og lögum um aukatekjur ríkissjóðs, fór í opið samráð á samráðsgátt stjórnvalda áður en verklagið var samþykkt.

5. *Hvernig sér ráðherra fyrir sér að aðrir en þinglýstir veðkröfuhafar geti sannað rétt sinn til veðréttinda sem þeir gætu viljað leiðrétta skráningu á skv. 12. gr. reglugerðar nr. 360/2019, ef ekki með framvísuðu frumriti veðbréfs árituðu um framsal?*

Sá sem óskar þess að verða skráður eigandi kröfu samkvæmt veðbréfi í þinglýsingabókum verður að sýna fram á að hann sé réttur eigandi bréfsins. Það er gert með því að framvísa frumriti bréfsins hjá þeim sýslumanni þar sem réttindunum er þinglýst, eftir atvikum með áritun á bréfið um að hann sé kröfuhafi samkvæmt framsali í samræmi við ólögfestar viðskiptabréfareglur.

6. *Hvernig geta einstaklingar sem eru aðilar að veðsamningum leitað leiðréttingar á skráningu kröfuhafa í þeim tilvikum þegar skráning þeirra kann að vera röng?*

Vísað er til svars við 5. tölul. fyrirspurnarinnar. Rétt er að benda á að framsal kröfuréttinda eru frjáls og eru ekki háð samþykki skuldara. Því getur skuldari ekki óskað eftir að skráningu kröfuhafa í þinglýsingabók sé breytt.